



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni tillögu: Flutningur fjármagns - Tilraunaverkefnið „sveigjanleiki í þjónustu - frá barni til fullorðins“.

Lagt er til að velferðarráð samþykki að færa fjármagn úr tilraunaverkefninu „sveigjanleiki í þjónustu – frá barni til fullorðins í NPA, alls 65 m.kr. á árinu 2020 vegna tveggja einstaklinga. Jafnframt að verkefninu verði haldið áfram fyrir þá tvo einstaklinga sem nýtt hafa þjónustu á grundvelli tilraunaverkefnisins þar til þeim býðst þjónusta við hæfi á árinu 2020, alls 34 m.kr.

Greinargerð

„Sveigjanleiki í þjónustu – frá barni til fullorðins“ er tilraunaverkefni, samþykkt af velferðaráði þann 2. febrúar 2017 til þriggja ára á grundvelli 4. liðar aðgerðaáætlunar með stefnu Reykjavíkurborgar um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum á tímabilinu 2013-2024.

Verkefnið fólst í því að bjóða upp á aðstoð á heimili umönnunarpunga ungmenna fram yfir 18 ára aldur þannig að þeir gætu áfram búið á heimili sínu og álagi yrði jafnframt létt af fjölskyldunni. Með því að setja verkefnið á laggirnar var unnt að bjóða viðkomandi einstaklingum upp á sólarhringsþjónustu. Mikil ánægja hefur verið meðal þeirra fjölskyldna sem tóku þátt í tilraunaverkefninu.

Í tilraunaverkefninu eru fjórir einstaklingar og af þeim hafa nú tveir aðilar fengið úthlutað NPA samningi frá og með 1. október 2019 og munu því færast frá tilraunaverkefninu yfir í NPA. Helsta ástæða þess er að um stóra sólarhringssamninga er að ræða sem falla vel að hugmyndafræðinni um NPA.

Mikil þörf er á enn frekari fjölgun NPA samninga. Reykjavíkurborg er nú með 24 gilda samninga, 19 umsóknir hafa verið samþykktar og bíða afgreiðslu auk þess sem nokkrar umsóknir eru í vinnslu. Fjöldi afgreiddra umsókna takmarkast af mótframlagi ríkisins

en til þessa hefur Reykjavíkurborg einungis fengið mótframlag með þeim 24 samningum sem í gildi eru.

Varðandi þá tvo einstaklinga sem eftir standa er lagt til að tilraunarverkefninu verði haldið áfram þar til þeim býðst þjónusta við hæfi á árinu 2020.